

**6. fundur Hverfisráðsins í Grímsey haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins  
19.01.2011 kl 16:00**

Fundinn sátu **Sigurður Ingi Bjarnason formaður, Sigrún Þorláksdóttir og Ragnhildur Hjaltadóttir, fundarritari.**

**1. Bréf frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu til bæjarstjóra vegna umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2010/2011**

Hverfisráð er sammála reglugerð um löndun og vinnslu í viðkomandi byggðarlagi en er mjög ósátt við úthlutunina, þ.e. hversu lítinn hluta af byggðakvóta skilar sér til staðarins, sér í lagi sé horft til nágrannastaða okkar.

Hverfisráð vill að aflanum verði landað í Grímsey og unninn hér.

**2. Afgreiðsla lyfja til Grímseyjar**

Hverfisráð óskar eftir að lyfjaafgreiðsla frá læknum Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri verði hér eftir frá Akureyrarapóteki.

Bæjarstjórn þarf að ráðfæra sig við Heilsugæsluna um afgreiðslu þessa máls samkv. beiðni okkar og Grímseyjarlækna.

**3. Fyrirspurn til Akureyrarkaupstaðar um ágang aðkomumanna varðandi fuglaveiði í Grímsey.**

Hver er réttur og staða Grímseyjar og Grímseyinga ?

Við viljum vekja athygli á þessu máli þar sem æ háværari raddir heyrast um fyrirhugaðar hópferðir aðkomumanna til eyjarinnar í fuglaveiði.

Nog er af fugli í eyjunni enn sem komið er en að sjálfsögðu er alltaf hætta á ofveiði hér eins og annarsstaðar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 17:00